AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Borgarbyggð, kt. 510694-2289, fyrir meðhöndlun á garða- og óvirkum úrgangi og geymslu á úrgangstimbri og brotajárni á fyrrverandi urðunarstað Borgarness. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Dalabyggð, kt. 510694-2019, fyrir meðhöndlun á óvirkum úrgangi og garðaúrgangi og geymslu á úrgangstimbri á fyrrverandi urðunarstað við Búðardal, Dalabyggð. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí. 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpbrennslu FUNA, Engidal, kt. 480394-2169, fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð FUNA, Ísafjarðarbæ og urðun úrgangs við Klofning á Flateyri. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Tálknafjarðarhrepp, kt. 640269-6779, fyrir brennslustöð og urðunarstað Tálknafjarðarhrepps. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2006.

Hollustuvernd ríkisins, 16. júlí 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Gunnar Steinn Jónsson,
staðgengill forstöðumanns.

Nr. 574 15. júlí 2002

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn, er taki gildi 1. ágúst 2002.

Gjaldskrá Orkuveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn, nr. 702, 21. september 2001, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.

Þorgeir Örlygsson.

Katrín Jóhannsdóttir.